

Nd.

974. Nefndarálit

[155. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. l. nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 4/1983.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefur athugað málið á mörgum fundum og haft samráð við ýmsa sérfræðinga. Nefndarmenn ræddu ýmsar breytingar á frv. sem til greina gátu komið. Frumvarp þetta er byggt á samkomulagi formanna fjögurra stjórnsmálaflokka frá síðasta þingi og efnislegum breytingum á frv. varð ekki komið við þar eð samkomulag náðist ekki. Nefndarmenn lýsa því hins vegar yfir fyrir hönd flokka sinna að unnið verði áfram að málinu milli þinga og niðurstöður verði lagðar fram á næsta haustþingi. Nefndinni vannst heldur ekki tími til þess að ræða til þrautar tilhögun persónukjörs. Það verður með sama hætti rætt á milli þinga.

Með vísan til framanritaðs leggur nefndin til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 222 með tveimur breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. maí 1984.

Páll Pétursson,
form., frsm.
Kristín Halldórsdóttir,
með fyrirvara.

Þorsteinn Pálsson.
Halldór Blöndal.
Friðrik Sophusson.

Kjartan Jóhannsson.

Svavar Gestsson.